

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2017.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt III. og VI. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 63. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2017:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>	
Ellilífeyrir, skv. 1. mgr. 23. gr.	228.734	2.744.808	
Örorkulífeyrir, skv. 4. mgr. 18. gr.	42.852	514.224	
Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 19. gr.	31.679	380.148	
Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 19. gr.	42.852	514.224	
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 20. gr.	31.679	380.148	
Aldurstengd örorkuuppbót (100%), skv. 2. mgr. 21. gr.	42.852	514.224	
Tekjutrygging, skv. 3. mgr. 22. gr.	137.226	1.646.712	
<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ráðstöfunarfé, skv. 8. mgr. 48. gr.		68.662	823.944
Dagpeningar utan stofnunar, skv. 9. mgr. 48. gr.	3.334		
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 63. gr.		31.679	380.148

2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2017:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	9.171	110.052
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	23.844	286.128
Barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 3. gr.	31.679	380.148
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	171.409	2.056.908
Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.	144.062	1.728.744
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	47.186	566.232
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	35.347	424.164
Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	42.852	514.224
Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.	52.316	627.792
Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.	39.851	478.212
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 2. mgr. 10. gr.	15.839	190.068

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2017. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1234/2015, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2016.

Velferðarráðuneytinu, 23. desember 2016.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.